Fréttatilkynning
25 November 2026 17:00:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Samþykkt skilaáætlunar og ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) fyrir Íslandsbanka hf.

Samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, skulu fyrirtæki sem falla undir lögin ávallt uppfylla lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL), sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. MREL þarf að uppfylla með hliðsjón af áhættugrunni (e. TREA - total risk exposure amount) og heildarmælistærð áhættuskuldbindinga (e. TEM - total exposure measure). Þá þarf hluti MREL að vera undirskipaður (e. subordinated), þ. e. neðar í kröfuröð en óeftirgefanlegar skuldbindingar. Skilavald Seðlabanka Íslands (skilavaldið) tekur ákvarðanir um MREL við árlega yfirferð skilaáætlunar og uppfærslu hennar.

Skilavaldið tilkynnti í dag að skilaáætlun fyrir Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn) hafi verið samþykkt og með því verið tekin ákvörðun um MREL fyrir bankann. Samkvæmt ákvörðun skilavaldsins er MREL-TREA bankans 19,6% og MREL-TEM bankans 6,0%. Undirskipaður hluti MREL bankans jafngildir 13,5% af áhættugrunni og er frestur bankans til að uppfylla undirskipaðan hluta MREL til 4. október 2027. Ákvörðunin tekur gildi frá dagsetningu tilkynningarinnar. Bankinn telst nú þegar uppfylla MREL.

MREL er birt án tillits til gildis samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka, sem uppfylla þarf samhliða MREL-TREA og kröfu um undirskipan, sbr. fjórða kafla MREL-stefnu skilavaldsins. Miðað við samanlagða kröfu um eiginfjárauka sem bankanum bar að uppfylla miðað við 30. september 2026 er MREL-TREA bankans 28,5% og undirskipaður hluti MREL bankans 23,2% af áhættugrunni.

Frekari upplýsingar veita:
Fjárfestatengsl, ir@islandsbanki.is
Fyrirspurnir frá fjölmiðlum, pr@islandsbanki.is

Viðhengi
Íslandsbanki hf.: Samþykkt skilaáætlunar og ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) fyrir Íslandsbanka hf.